



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 9. desember 2009

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum - 239. mál.

Skeljungur hf. gefur hér með umsögn sína um frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum.

Í frumvarpinu er lagðar til breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs. Í umsögn er horft til þeirra breytinga sem verða á gjöldum af bensíni og dieselolíu.

Athugasemdir Skeljungurs við einstakar greinar.

1. gr. Breyting á l. nr. 87/2004 um olíugjald og kílómetragjald.

Samkvæmt frumvarpinu er olíugjald hækkað um 1,65 kr. í 52,77 kr.

Olíugjaldið leggst á dieselolíu við sölu eða afhendingu olíunnar og jafngildir því að greitt sé vörugjald sem nemur 64 kr. á hvert kíló dieselolíu. Frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun olíugjalds til viðbótar því, að fyrir Alþingi liggur frumvarp sem gerir ráð fyrir nýju kolefnisgjaldi sem skal vera 2,90 kr. á hvern lítra.

Verði bæði frumvörpin að lögum er verið að leggja auknar álögur á verktaka – og flutningastarfsemi í landinu, álögur sem fara beint út í verðlag og lenda með tvöföldum þunga á almenning vegna hækkandi eldsneytisverðs. Varað er við slíkri þróun.

2. gr. Breyting á l. nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Samkvæmt frumvarpinu er almennt vörugjald af bensíni hækkað um 2,50 kr. í 22,94 kr.

Almennt vörugjald af bensíni er lagt á við tollafgreiðslu bensíns. Til viðbótar almennu vörugjaldi er lagt á sérstakt vörugjald á bensín sem ekki breytist og er það fyrir blýlaust bensín 37,07 kr. Álagning vörugjalda á bensín nema því alls 60,01 kr. eftir breytinguna eða sem nemur um 82 kr. á hvert kíló bensíns.

Vörugjald á bensín er ekki umhverfisgjald, heldur tekjustofn til vegagerðar og skattur í ríkissjóð. Alfarið skortir rök fyrir því af hverju eigendum bensínbifreiða er gert að greiða um 28% hærri vörugjöld miðað við þunga og orkuinnihald, en eigendum sambærilegra dieselbifreiða, sem nýta vegakerfið á nákvæmlega sama hátt. Við umfjöllun þessa máls verður að hafa í huga að vörugjald á bensín er ekki umhverfisgjald og við samanburð á mengun mismunandi orkugjafa verður að bera saman alla þætti umhverfisáhrifa.

Lagt er til að skattlagning eldsneytis verði samræmd og að því verði náð með lækkun almenns vörugjalds á bensíni í stað hækkunar.

Skeljungur hf.


Olafur Jónsson